



Öryggisbúnaður barna í bílum

Niðurstöður könnunar á öryggi barna í bílum við leikskóla 2021




SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Samgöngustofa 

Góður árangur

Slysavarnafélagið Landsbjörg og Samgöngustofa gerðu könnun á öryggi barna í bílum á þessu ári. Könnunin var gerð við 50 leikskóla í 25 þéttbýliskjörnum víða um land og var búnaður hjá 1.777 börnum kannaður.

Ef teknar eru upplýsingar úr umferðarkönnunum Umferðarráðs og lögreglunnar frá árunum 1985 til 1995 og þeim bætt við niðurstöður kannana á öryggi barna í bílum við leikskóla má sjá þróunina frá árinu 1985 til dagsins í dag. Árið 1985 voru um 80% barna laus í bílum en í dag er sá fjöldi kominn niður í 1%.



1988: Sekt fyrir að vera ekki í öryggisbelti í framsætum


1990: Beltaskylda fyrir öll sæti í bíl og skyld að nota sérstakan öryggis- og verndarbúnað fyrir börn

1999: Sérstaklega skráð ef börn voru eingöngu í öryggisbeltum

Þéttbýliskjarnar

Þeir þéttbýliskjarnar sem eru til fyrirmyndar þetta árið eru Borgarnes, Búðardalur*, Mývatn*, Ólafsvík, Selfoss og Vopnafjörður*.

Einkar ánægjulegt er að sjá Mývatn með 100% árangur þar sem niðurstaðan þar var ekki góð árið 2019.




* Staðir þar sem könnun náði til færri en 20 barna

Leikskólar

Öryggi barna var athugað á 50 leikskólum. Á 23 þeirra voru öll börn í réttum öryggisbúnaði.

Ef leikskólum er raðað eftir niðurstöðum könnunarinnar má sjá að staðan er víðast mjög góð.




* Staðir þar sem könnun náði til færri en 20 barna

Landshlutar



Ökumenn á Höfuðborgarsvæðinu standa sig best í notkun öryggisbúnaðar fyrir börn þetta árið.



Þróun öryggisbúnaðar

Flestir nota bílstól sem er festur í bílinn með bílbelti eða ISOFIX festingum og er með fimm punkta belti fyrir barnið. Í ár var könnuð notkun á bakvísandi bílstól með festingum fyrir barn og var notkun þeirra 10%.

Öruggara er að barn snúi baki í akstursstefnu eins lengi og hægt er þar sem höfuð þess er hlutfallslega stórt og þungt og hálslíðir þess ekki fullprosaðir. Með notkun bakvísandi barnabílstóla eru minni líkur á alvarlegum áverkum á mænu og heila lendi bíllinn í árekstri. Mælt er með notkun bakvísandi bílstóla til þriggja ára aldurs.


Notkun bílpúða með baki hefur aukist ár frá ári en enn nota um 5% ökumanna bílpúða án baks. Bílpúða með baki skal nota þar til barnið er 36 kíló og hefur náð yfir 135 cm hæð.

Ekki er mælt með notkun bílpúða án baks. Bæði veitir bakið hliðarárekstrarvörn og eins kemur það í veg fyrir að bílpúðinn renni undan barninu. Á bakinu eru auk þess lykkjur eða hók til að festa beltið í sem tryggir að það falli rétt að líkama barnsins.

Fjöldi þeirra ökumanna sem ekki nota réttan búnað fyrir börn (eingöngu bílbelti eða engan búnað) hefur minnkað mjög undanfarið, og er nú kominn niður í 4%.

Í ökutækjum má einungis nota öryggis- og verndarbúnað (barnabílstóla) fyrir börn sem uppfyllir kröfur samkvæmt reglum ECE númer 44.04 (eða síðari aðlögun þeirra) eða ECE reglum númer 129 (I-size). Búnaðurinn þarf að uppfylla sömu kröfur til að hann megi flytja inn, markaðssetja eða selja. Merkingar um hvaða kröfur búnaðurinn uppfyllir má finna á öryggisbúnaðinum.






Aldur og öryggisbúnaður

Eitt barn af 23 undir eins árs var án öryggisbúnaðar. Einnig var eitt eins árs barn af 79 án öryggisbúnaðar. Í hópnum 3 ára eða yngri voru 11 börn af 800, eða 1,4%, í engum eða ófullnægjandi búnaði. Eftir það minnkar notkun öryggisbúnaðar eftir því sem börnin eldast.

Rúmlega 10% sex ára barna voru í engum eða ófullnægjandi búnaði sem er ekki í lagi þar sem barn lægra en 135 cm á hæð skal ávallt vera í öryggis- og verndarbúnaði sem hæfir hæð þess og þyngd.



Þyngd: 0 - 13 kg
Aldur: 0 - 1 árs



Bakvísandi barnabílstól

- Virkur loftþúði bannaður

Öruggst er að velja bakvísandi barnabílstól. Hægt er að fá sérstaka hækkun eða bakstuðning fyrir t.d. fyrirbura.

Þyngd: 9 - 18 kg
Aldur: 9 mánn - 4 ára



Bakvísandi barnabílstól **Framvísandi barnabílstól**

- Virkur loftþúði bannaður
- Virkur loftþúði bannaður

Öruggst er að nota bakvísandi barnabílstól eins lengi og mögulegt er.

Þyngd: 15 - 36 kg
Aldur: 4 - 10 ára



Bilþúði með baki **Bilþúði án baks**

- Virkur loftþúði bannaður
- Virkur loftþúði bannaður

Öruggst er að nota bilþúða með baki eins lengi og mögulegt er. Ráðlegt er að skipta yfir í bilþúða án baks ef barnið er vaxið upp fyrir brún baksins.

Barn 135 cm eða hærra



Hefðbundið bílsæti


- Lægra en 150 cm: Virkur loftþúði bannaður
- 150 cm eða hærra: Loftþúði virkur

Þegar barn hefur náð 135 cm hæð er ekki skylt að nota sérstakan öryggisbúnað annan en öryggisbelti. Ráðlagt er að nota bilþúða ef barninu líður betur á honum.

Beltanotkun ökumanna

95% ökumanna voru í öryggisbeltum við komu að leikskólanum og er það jákvæð þróun.


56% ökumanna voru konur en 44% karlar. Þar af voru 4% kvenna og 6% karla ekki í belt.




10,3% beltislausra ökumanna spenntu börn sín eingöngu í bílbelti, sem er ekki réttur öryggisbúnaður fyrir börn á þessum aldri og 11,5% þeirra voru með börnin laus í bílnum.

Af þeim ökumönnum sem voru sjálfir í beltí voru 2,5% sem spenntu börn sín eingöngu í bílbelti og 0,7% voru með börnin laus í bílnum.

Það er því talsverð fylgni á milli þess að ökumaður sé sjálfur í beltí og að barn sé í réttum búnaði. Í 21 tilfelli var barn algerlega án búnaðar en þar af höfðu 11 ökumenn spennt beltíð á sjálfa sig en haft barnið laust í bílnum.



Beltanotkun ökumanna eftir þéttbýliskjörnum



* Staðir þar sem könnun náði til færri en 20 ökumanna

Öryggisbúnaður þarf að passa barni og bíl

Pegar valinn er öryggisbúnaður er mikilvægt að gefa sér góðan tíma, skoða heimasíður og kynna sér úrval verslana. Búnaðurinn þarf bæði að passa barninu og bílnum. Hægt er að fá upplýsingar á heimasíðum framleiðenda um hvort búnaðurinn passi í tiltekinn bíl eða í bæklingi sem fylgir honum.

Pegar öryggisbúnaður er festur í bíl er nauðsynlegt að það sé gert á réttan hátt. Þótt barn sé í öryggisbúnaði getur það slasast alvarlega eða látið lífið í slysi ef búnaðurinn er ekki rétt festur. Því er mikilvægt að lesa vandlega allar leiðbeiningar sem fylgja bílnum og barnabílstólnum.

Barn sem ekki hefur náð 150 cm hæð má ekki vera farþegi í framsæti bifreiðar sem búin er öryggispúða nema að púðinn hafi verið gerður óvirkur. Þessi regla á við þótt barnið sé í barnabílstól. Höggið sem öryggispúðinn gefur þegar hann springur út getur leitt barn til dauða þótt hann veiti fullorðnum öryggi.



Að lokum

Samgöngustofa hefur gefið út eftirfarandi bæklinga sem snúa að öryggi barna í bíl og eru þeir aðgengilegir á vef Samgöngustofu, www.samgongustofa.is

- Öryggi barna í bíl
- Umferðaröryggi leikskólabarna
- Börn í bíl - Íslenska
- Börn í bíl - Enska
- Börn í bíl - Spænska
- Börn í bíl - Tælenska
- Börn í bíl - Pólska
- Börn í bíl - Filipíska

Tekið skal fram að í 71. gr. umferðarlaga segir m.a. *ökumaður skal sjá um að í stað öryggisbeltis eða ásamt öryggisbelti noti barn viðurkenndan barnabílstól, beltispúða eða annan sérstakan öryggis- og verndarbúnað ætlaðan börnum lægri en 135 cm á hæð. Þá kemur fram að ökumaður skal sjá um að farþegi yngri en 15 ára noti öryggis- og verndarbúnað.*

Ökumaðurinn ber þannig fulla ábyrgð á að barnið noti réttan öryggisbúnað.

Ennfremur segir í reglugerð um notkun öryggis- og verndarbúnaðar í ökutækjum:

Ökumaður skal sjá til þess að barn yngra en þriggja ára sem ferðast í ökutæki noti viðurkenndan öryggis- og verndarbúnað ætlaðan börnum í samræmi við þyngd þess. Á sama hátt skal ökumaður sjá um að í stað öryggisbeltis eða ásamt öryggisbelti noti barn þriggja ára eða eldra, en lægra en 135 cm að hæð viðurkenndan barnabílstól, beltispúða eða annan sérstakan öryggis- eða verndarbúnað ætlaðan börnum. Í hópbifreið er þó leyfilegt að nota þann öryggis- og verndarbúnað fyrir börn þriggja ára eða eldri sem er til staðar í bifreiðinni.

Ökumaður sem sinnir ekki skyldum sínum um verndun barna í bíl sem hann ekur má búast við að verða sektaður um 30 þúsund krónur og að fá einn refsipunkt í ökuferilsskrá fyrir hvert barn sem er laust eða ekki í réttum öryggisbúnaði í bílnum.

Börn á aldrinum 0-14 ára eru 9-10% allra sem slasast í umferðinni og er barn sem er farþegi í bíl í stórum hluta þessara slysa.

Öryggi barna er á okkar ábyrgð. Engin bílferð er svo stutt að við getum gefið afslátt af því.